

Nr. 2022-050-S-035 Villi-Björn SH 148**Sökk**

Skipaskr.nr. 6753
Útgerð: CSR ehf.
Smíðaður: Flugfiskur 1983
Stærð: 8.54 BT
Mesta lengd: 9.85 m Skráð lengd: 9.75 m
Breidd: 2.90 m Dýpt: 1.47 m
Vél: Volvo Penta, 119 kW, 1996.
Fjöldi skipverja: 2



Villi-Björn@Viðar Hafsteinsson

Gögn:
Gögn RNA

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. júlí 2022 var Villi-Björn SH 148 á handfæraveiðum á Flákanum út af Breiðafirði. Veður hægviðri en nokkur undiralda.

Skipverjar voru búnir að fiska 400 kg af þorski þegar þeir urðu varir við viðvörun frá vélarrúmi. Slagsíða var þá komin á bátinn og sjór kominn í vélarúmið. Báturinn fékk á sama tíma á sig öldu og flæddi sjór yfir lunningu og hvolfdi bátnum á örstuttum tíma. Skipstjóri náði að senda út neyðarkall en mikið var af bátum á svæðinu. Skipverjum var bjargað um borð í Hvítá HF 420 stuttu síðar.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipið var upphaflega smíðað sem farþegabátur en var breytt í fiskiskip árið 2012.
- Í skipinu voru upphaflega tvær vélar en við breytingu var sett í það ein vél og fyrirkomulagi innaborðs breytt.
- Skipið var ekki búið að vera í rekstri í tvö ár þegar eigendaskipti urðu á því en það var ekki með gilt haffærisskírteini á þeim tíma.
- Skipið var skoðað án athugasemda 25. apríl 2022 og fékk í framhaldi gefið út haffærisskírteini.
- Fyrri eigandi var viðstaddur skipaskoðunina fyrir hönd eiganda sem var erlendis.
- Mánuði eftir skipaskoðun skipti eigandi um rafgeyma og alternatora fyrir 12 og 24 volta kerfin. Skýringin var sú að hann hefði stöðugt verið að missa rafmagn af bátnum.
- Samkvæmt skipstjóra var skipið gott sjóskip og í góðu ástandi.

- Skömmu áður en báturinn fór á hliðina varð hinn skipverjinn var við að báturinn trimmaði aftur og hallaði í bakborða.
- Skipstjóri bátsins leit ofan í vélarúmið en til þess þurfti að færa til tunnu ofan af lúgu og var þá sjór kominn upp að rafgeymum.
- Á sama tíma fór flauta í gang í vélarúminu og báturinn missti allt rafmagn.
- Skipstjórinn varð aldrei var við að lensidælur færu í gang en viðvörðun fyrir sjó var í vélarúminu og flotrofi sem átti að ræsa lensidælur.
- Skipstjórinn hafði samband símleiðis við fyrri eiganda bátsins og leitaði ráða hjá honum.
- Skammur tími leið frá því að vélarýmið var opnað og þar til báturinn var kominn á hliðina. Í millitíðinni fékk báturinn á sig öldu og tók mikinn sjó inn á sig.
- Skipstjórinn náði að senda út neyðarkall en skipverjarnir náðu ekki að komast í björgunarbúninga og komust upp á síðu bátsins.
- Skipstjóri var lögskráður á skipið en hinn skipverjinn ekki þar sem hann uppfyllti ekki ákvæði laga um lágmarksaldur skipverja.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu þar sem báturinn liggur á hafsbotni og ekki hægt að rannsaka hann.